



Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnun, ráðum og nefndum Sveitarfélagsins Skagastrandar

I. kafli Inngangur

1.gr Um starfskjör

Samþykkt þessi byggir á Samþykktum um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagastrandar nr. 366/2014. Samþykktin fjallar um þóknun sveitarstjórnarmanna og nær einnig til starfa þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

2.gr Markmið

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er:

- Að fulltrúar fái sanngjörn laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins
- Að fulltrúar sveitarfélagsins njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist á hinum almenna vinnumarkaði, sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.
- Að kjör fulltrúa séu gagnsæ og endurspegli störf þeirra og ábyrgð.

3.gr Skilgreiningar

Sveitarstjórnarfulltrúar eru 5 og kjörnir í almennum sveitarstjórnarkosningum. Nefndum sveitarfélagsins er skipt niður í eftirfarandi flokka:

- A. Sveitarstjórn
- B. Fastanefndir
- C. Aðrar nefndir, stjórnir og ráð
- D. Sérskipaðar nefndir sveitarstjórnar og fundasetur sem falla ekki undir liði A-C.

Almenn skilgreining á fundi er sú að til hans sé boðað með dagskrá og um hann rituð fundargerð.

II. kafli Um starfskjör sveitarstjórnarfulltrúa.

4.gr Grunnlaun sveitarstjórnarfulltrúa

Sveitarstjórnarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín fyrir sveitarfélagið sem nemur 4,8% af þingfararkaupi, eins og það er hverju sinni. Þessar greiðslur ná til vinnu vegna sveitarstjórnarmála almennt. Oddviti fær laun sem nemur 9,6% af þingfararkaupi.



5. gr
Fundarseta

Fulltrúar í sveitarstjórn fá að auki greitt sérstaklega fyrir hvern setinn fund í sveitarstjórn sem nemur 2,4% af þingfararkaupi. Stjórnari varamaður oddvita fundi í sveitarstjórn fær viðkomandi álag sem nemur 0,8% af þingfararkaupi. Varamenn sem taka sæti aðalmanns í sveitarstjórn fá greidd laun sem nemur 2,0% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund.

6. gr
Starfstengdur kostnaður

Sveitarstjórnarfulltrúar fá greidda sérstaka fasta fjárhæð á mánuði sem nemur 0,8% af þingfararkaupi, til að mæta starfstengdum kostnaði s.s. útgjöldum vegna nettengingar, síma og prentunar. Til að mæta sama kostnaði fær oddviti greitt 1,6% af þingfararkaupi.

7. gr
Laun í orlofi

Sveitarstjórnarfulltrúar skulu fá greidd laun á meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

8. gr
Lífeyrisréttindi og tryggingar

Sveitarfélagið Skagaströnd heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af launum sveitarstjórnarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfssemi lífeyrissjóða nr 129/1997. Greitt er iðgjald í lífeyrissjóð sem samráð er um milli launadeildar og viðkomandi fulltrúa. Mótframlag sveitarfélagsins er 11,5%.

Sveitarstjórnarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi skv. heildartrygginarsamningi sveitarfélagsins um tryggingar hverju sinni.

9. gr
Laun í veikinda- og slysaforföllum

Sé sveitarstjórnarfulltrúi forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann launum í allt að 6 mánuði. Greiðslur skv. 1. mgr. falla niður við lok kjörtímabils eða þegar sveitarstjórnarfulltrúi lætur af störfum af öðrum ástæðum.

III. kafli
Þóknun fyrir nefndarstörf

10. gr
Þóknun fyrir setu í fastanefndum, skv. 3.gr.B-liður.

Fyrir hvern setinn fund fá aðalmenn í fastanefndum greidda þóknun sem nemur 1,2% af þingfararkaupi og formenn nefnda 2,4%. Varamenn í fastanefndum fá greidda þóknun sem nemur 1,2% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund.



Fastar nefndir sveitarfélagsins eru:

- Atvinnu- og ferðamálanefnd
- Hafnar- og skipulagsnefnd
- Fræðslunefnd
- Tómstunda- og menningarmálanefnd

Starfsfólk sveitarfélagsins fær ekki greidda sérstaka þóknun fyrir setu á nefndarfundum nema viðkomandi sitji fundi sem kjörinn fulltrúi.

Undantekning eru starfsmenn grunn- og leikskóla sem sitja fundi fræðslunefndar sem áheyrnarfulltrúar. Þeir fá greidda þóknun fyrir fundasetu, sem er 0,8% af þingfararkaupi.

11. gr

Þóknun fyrir setu í öðrum nefndum, ráðum og stjórnnum skv. 3.gr. C-liður.

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga er greitt af viðkomandi samtökum. Sveitarfélagið getur átt fulltrúa í eftirtöldum samstarfsverkefnum:

- Stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún
- Stjórn Tónlistarskóla A-Hún
- Stjórn Byggðasamlags um menningu og atvinnumál
- Fulltrúa í stjórn SSNV

12.gr

Þóknun vegna starfa í sérstökum nefndum er vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum og vegna sérstakra funda, sk. 3.gr E-liður

Fyrir störf í sérstökum nefndum sem sveitarfélagið skipar til tímabundinna starfa fá fulltrúar greitt sem nemur 1,2% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.

13.gr

Þóknun vegna funda og ráðstefna utan sveitarfélags

Þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins á ráðstefnum og fundum utan sveitarfélags, sem sveitarstjórn ákveður að taka þátt í skal vera sem hér segir: Fyrir hvern hálfan dag(6 klst) skal greiða 2,4% af þingfararkaupi. Ferðatími skal talinn með.

14.gr

Laun kjörstjórnar á kjördegi

Laun vegna vinnu í kjörstjórn er greidd eftir fjölda unninna klukkustunda. Greidd er yfirvinna skv. launatöflu Kjalar lfl 120-5 og 10,17% orlof. Formaður kjörstjórnar fær 50% álag. Auk þess fær kjörstjórn greitt fyrir fundi til undirbúnings kosningum skv gr. 12.



IV. Kafli
Önnur ákvæði

15.gr

Álag vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga

Leitast skal við að nefndir, ráð og stjórnir fundi ekki á frídögum og stórhátíðardögum en þeir eru:

Sérstakir frídagar eru:

1. Nýársdagur
2. Skírdagur
3. Föstudagurinn langi
4. Laugardagur fyrir páska
5. Páskadagur
6. Annar í páskum
7. Sumardagurinn fyrsti
8. 1.maí
9. Uppstigningardagur
10. Hvítasunnudagur
11. Annar í hvítasunnu
12. 17.júní
13. Frídagur verslunarmanna

14. Aðfangardagur jóla
15. Jóladagur
16. Annar í jólum
17. Gamlársdagur eftir kl 12

Stórhátíðardagar eru:

1. Nýársdagur
2. Föstudagurinn langi
3. Páskadagur
4. Hvítasunnudagur
5. 17.júní
6. Aðfangadagur jóla eftir kl.12
7. Jóladagur
8. Gamlársdagur eftir kl.12

Í undantekningartilfellum getur það komið fyrir að nefnd, ráð eða stjórn neyðist til að halda fund á sérstökum frídegi og skal þá greiðast álag skv. eftirfarandi:

Sérstakir frídagar 33% álag á laun fyrir setinn fund

Stórhátíðardagar 45% álag á laun fyrir setinn fund

16.gr

Um námskeið og þekkingarsókn

Æskilegt er að kjörnir fulltrúar sækji sí- og endurmenntun er tengist störfum þeirra fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn skal veita samþykki sitt vegna kostnaðar sveitarfélagsins sem hlýst af námskeiðssókn kjörinna fulltrúa, falli kostnaður utan fjárhagsáætlunar. Sækja skal um til sveitarstjórnar með góðum fyrirvara og samþykki liggi fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.

17.gr

Um orlof

Orlof er ekki greitt á laun fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins



18.gr

Um ferðir og gistingu

Akstur vegna starfa í þágu sveitarfélagsins er einungis greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi. Fulltrúar fá greiddan akstur til og frá fundarstað. Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmastan hátt t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins og/eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er. Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum í þeim tilfellum sem sveitarfélagið sér fulltrúa ekki fyrir ferð og/eða gistingu. Greitt er eftir ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturs- og ferðakostnað á hverjum tíma.

Um ferðir erlendis gildir hið sama en fulltrúar skulu fá samþykki sveitarstjórnar fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum, fyrirfram.

19.gr

Tilfallandi tímavinna

Í undantekningartilfellum getur komið til þess að fulltrúi sveitarfélagsins þurfi að takast á hendur aukin verkefni út yfir venjubundna vinnu í kringum fundi. Í þeim tilvikum skal gerð um það áætlun fyrirfram og samþykkjast af viðkomandi nefndarformanni eða sveitarstjórn. Greitt skal tímakaup í yfirvinnu skv. lfl 137-5 auk orlofs.

V. Kafli

Gildistaka

20.gr

Gildistaka og endurskoðun

Samþykkt þessi gildir frá 1. september 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur um kaup og kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum sveitarfélagsins.

Samþykktir þessar skal endurskoða af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Samþykkt af sveitarstjórn á fundi 20. september 2017.

Sveitarstjóri